



Guðmundur Jóhannesson.

Innflutningur á nýju mjólkurkúakyni

Guðmundur Jóhannesson

Eitt af þeim málum sem mjög hefur verið til umfjöllunar innan landbúnaðargeirans á þessu ári er innflutningur norsks mjólkurkúakyns, nánar tiltekið NRF, til Íslands.

Forsvarsmenn Landssambands kúabænda hafa, að mínu mati, farið nokkuð geyst í þessu máli og helst á þeim að heyra að kýrnar séu væntanlegar á næstu misserum. Væri ekki rétt að staldra við og athuga málið betur? Það ríður á að við tökum þessa ákvörðun að vel yfirlögðu ráði en rjúkum ekki upp til handa og fóta strax og við sjáum eitthvað nýtt.

Upphaf umræðunnar má að nokkru rekja, þó að málið eigi sér lengri aðdraganda, til þess samanburðar sem gerður var á norskum og íslenskum kvígum í Færeyjum veturinn 1994-95. Þar voru bornar saman íslenskar kvígur og NRF fyrsta kálfs kvígur, 16 íslenskar og 15 NRF. Raunar komu "aðeins" 14 til uppgjörs í hvorum hóp.

Til að gera langa sögu stutta er rétt að telja hér upp helstu niðurstöður:

NRF-kvígurnar mjólkuðu 24% meira en þær íslensku þær fyrstu 28 vikur mjaltaskeiðsins sem bornar voru saman. Norsku kvígurnar átu 11 % meira en þær íslensku, hvort sem miðað er við kg fódurs, kg þurrefnis eða fódureiningar. Samkvæmt útlitsmati fengu þær norsku 85,6 stig en þær íslensku 80,6. Sérstaklega var júgurgerð betri hjá þeim norsku. Frumutala mjólkur var mun lægri hjá þeim norsku, eða 63 þús./ml á móti 100 þús./ml.

Samkvæmt þessu má sjá að norsku kvígurnar höfðu yfirburði á nokkrum mjög veigamiklum sviðum þegar horft er til framleiðslu mjólkur. Það sem hefur viljað gleymast í umræðunni eru hins vegar þeir annmarkar sem voru á þessari athugun og því finnst mér menn hafa dregið fullmiklar ályktanir af henni.

En hverjir voru þessir annmarkar og skipta þeir máli? Í fyrsta lagi var ekki um að ræða vigtun á heyi í einstaka gripi heldur hvorn hóp fyrir sig í heild. Í öðru lagi voru gæði þess gróffóðurs sem gefið var ekki nægjanleg og í þriðja lagi voru gróffóðurleifar sáralitlar en hérlandis er gjarnan miðað við að gripir leyfi um 10% til að tryggja það að þeir éti að vild. Segja má að þetta veiki samanburðinn í sjálfu sér ekki svo mikið, hann var framkvæmdur við aðrar fódunarlegar aðstæður en ætlað var í upphafi. Staðreyndin er hins vegar sú að íslensk mjólkurframleiðsla byggir á gróffóðri og því æskilegra að samanburðurinn hefði farið fram með gróffóðri af sambærilegum gæðum og íslenskir bændur leitast við að nota. Íslenskar kýr nýta gróffóður betur en erlend kyn og því hljóta mikil gæði gróffóðurs að koma þeim til góða og eins hlýtur aukin kjarnfóðurgjöf að hafa aukið nyt þeirra norsku umfram þeirra íslensku. Við höfum lengi viljað meina að fá eða engin kyn taki því íslenska fram hvað nýtingu gróffóðurs varðar. Sennilega hefur okkur þó hætt til að ofmeta þennan eiginleika fremur en hitt.


Norsku kvígurnar átu minna gróffóður en þær íslensku sé miðað efnaskiptaþunga, sem er lífþungi í veldinu 0,75, eða 9,18 kg þe./dag á móti 9,81 kg þe./dag. Með því að miða við efnaskiptaþunga er leiðrétt fyrir þungamun. Það verður þó að hafa í huga að kjarnfóðurgjöf var tengd nyt og því kannski eðlilegt að þær norsku innbyrtu minna gróffóður en þær íslensku þar sem gróffóðurát er oftast háð kjarnfóðurgjöf.

Annað atriði sem mér finnst skipta máli er að íslensku kvígurnar þyngdust á tímabilinu en þær norsku ekki. Þær voru í reynd að nota hluta fódursins til þungaaukningar en ekki mjólkurmyndunar. Spurningin er hins vegar hvort þær íslensku voru þroskaminni við burðinn og þótt ekki hafi verið raunhæfur munur á aldri kvígnanna við burð þá er hann þó þeim norsku í hag (29,9 mán. á móti 28,3). Einnig má spyrja hvort kynið er bráð-

þroskaðra, það íslenska eða það norska? Þá er möguleiki að þær norsku hafi verið betur undir burðinn búnað, í betri holdum, og það veikir athuginu að þær skuli ekki hafa verið holdastigaðar fyrir burð. Menn mega alls ekki skilja það svo að ég sé að gera lítið úr Færeyja-athuginu, síður en svo. Hér var um nauðsynlegt og lofsvert framtak að ræða en það verður samt að hafa í huga að hún er ekki hafin yfir gagnrýni. Niðurstöðunum verður því að taka með ákveðnum fyrirvara og hún ein og sér er alls ekki nægjanlegur grunnur til þess að taka endanlega ákvörðun um innflutning.

Ræktunarsjónarmið

Eflaust hafa einhverjir velt fyrir sér af hverju umræðan um innflutning nýs mjólkurkúakyns hefur nær eingöngu snúist um innflutning á norskum kúm. Rökin sem vega hvað þungst þar eru þau að efnasamsetning mjólkur er mjög lík því sem við höfum hjá íslenskum kúm í dag. Önnur rök má telja þau að ræktun kúa á Norðurlöndum hefur verið með mjög breiðu ræktunarmarkmiði, þ.e. tekur til þátta eins og frjósemi, hreysti og heilbrigði, á sama tíma og, t.d. vestanhafs, hefur ofuráhersla verið lögð á aukna afkastagetu og bætt útlit gripanna. Þá er tiltölulega hátt hlutfall NRF-gripa kollótt, miðað við önnur kyn, og enn fremur bendir margt til þess að lítið sé um dulda erfðagalla í stofninum. Allt gerir þetta NRF-kýr fýsilegri kost en ella.



Norsk kýr af NRF-kyni.

Hérlandis höfum við ótvírætt stundað ræktun með breiðu ræktunarmarkmiði, eins og má kalla það. Spurningin er hins vegar sú hvort við höfum ekki lagt of mikla áherslu á mjólkurafköst á kostnað útlits, sérstaklega júgurgerðar, og mjaltæiginleika. Hér er um að ræða eiginleika sem allir hafa frekar hátt arfgengi. Það þýðir að með aukinni áherslu á þessa eiginleika með ströngu úrvali í gegnum ræktunarstarfið næðust framfarir fljótt.

Eitt af þeim atriðum sem hlýtur að þurfa að taka tillit til í þessari umræðu er þörfin fyrir verndun íslenska kúakynsins. Komi til innflutnings er vart nokkur spurning að íslenska kúakynið hverfur sem slíkt á tiltölulega skömmum tíma. Í þessu samhengi er rétt að minna á RÍÓ-sáttmálann um verndun erfðaefnis sem Íslendingar eru aðilar að. Samkvæmt honum ber þjóðum heims að vernda upprunalega stofna.



Íslensk kýr.

Það liggur í hlutarins eðli að mikilvægi verndunar íslenska kúastofnsins getum við ekki einungis mælt í beinhörðum peningum. Koma þar til tilfinningaleg sjónarmið sem og mikilvægi stofnsins fyrir markaðssetningu íslenskra vara og ferðaþjónustu erlendis. Þessa þætti er erfitt að mæla í peningum en kunna eigi að síður að hafa ómetanlegt gildi er fram í sækir.

Verndun stofnsins hlýtur að taka mið af því að varðveita verðmæta erfðavísa. Hér myndum við einkum líta til hárrar tíðni erfðavísa fyrir ostefnum í íslenskri mjólk. Slík varðveisla er að vísu möguleg í nýjum stofnum sem myndast við blöndun kynja. Þá megum við ekki gleyma litafjölbreytninni sem er einstæð í öllu íslensku búfé. Það er eiginleiki sem margir telja gulls ígildi.

Af hverju?

Af hverju eigum við að flytja inn nýtt mjólkurkúakyn? Hvaða eiginleikar eru það sem við erum að sækjast eftir sem íslenskar kýr ná ekki að uppfylla?

Eftir því sem ég hef heyrt á kúabændum eru þeir helst óánægðir með júgur- og spenagerð, mjaltaeiginleika og sumir hverjir skapsmuni kúnna. Margir telja þó að skapið hafi mikið skánað á síðustu árum. Varðandi skapsmuni íslensku kúnna vil ég taka undir orð Jóhannesar á Torfalæk í Bændablaðinu 28. apríl sl. þar sem hann bendir á hið fornkveðna að fé sé jafnan fóstura líkt.

Ég hef áður nefnt júgurgerðina og mjaltaeiginleikana og tel að bændur hafi þar nokkuð til síns máls. Það þýðir þó ekki að við getum ekki bætt kýr okkar hvað þetta snertir. Það er uppgjöf að halda öðru fram.

Við þurfum að huga að mörgu, m.a. veðráttunni. Hversu vel þola norskar kýr íslenska veðráttu? Þyrftum við að stytta beitartímann? Hvernig fara svona þungar kýr með landið? Þannig mætti sjálfsagt lengi telja.

Hagkvæmni innflutnings

Eitt af grundvallaratriðum innflutnings NRF-kúakynsins er að það skili meiri hagnaði en íslenskar kýr. Hagnaðurinn verður einnig að greiða þann kostnað sem breytingar á fjósum og öðrum fastafjármunum kunna að kosta, að vísu á þeim tíma sem tekur að afskrifa fjárfestinguna. Sá kostnaður yrði gríðarlegur en á móti kemur að endurnýjunarþörf íslenskra fjósa er þegar orðin allnokkur.

Í raun er mjög örðugt að bera saman framlegð þessara tveggja kúakynja. Samkvæmt athuguninni í Færeyjum skiluðu norsku kvígurnar 38,1 kr./kg mjólk í tekjur umfram fódurkostnað en þær íslensku 35,8 kr. Þetta þýðir fódurkostnað upp á 15,30 kr./kg mjólkur hjá þeim íslensku og 14,20 kr./kg mjólkur hjá þeim norsku. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að á þeim tíma sem útreikningarnir ná yfir nýttu norsku kvígurnar allt sitt fóður til mjólkurmyndunar en þær íslensku bættu við þunga sinn. Það er því ekki líklegt að þessi munur héldist ef litið væri til lengra tímabils, t.d. frá burði til burðar.

Aukinni afkastagetu gripa til mjólkurframleiðslu fylgir ótvírætt aukin fódurþörf en ræktunarstarfið hefur ekki skilað samsvarandi aukningu í átgetu. Þeim mun sem þarna skapast hafa menn því þurft að mæta með auknum fódurstyrk. Það er ljóst að norskar kýr eru orkufrekari en íslenskar og þurfa því meira kjarnfóður til þess að ná fullum afköstum. Samkvæmt norsku kúaskýrslunum er 37% fódurnotkunar fullnægt með kjarnfóðri þar í landi á sama tíma og samsvarandi tala hér er 15%. Í athuguninni í Færeyjum voru íslensku kvígurnar fyrir ofan þetta í kjarnfódurnotkun eða í 33% miðað við fódureiningar og þær norsku í tæpum 39%. Aftur er rétt að hafa í huga að gróffóðurgæðin í athuguninni voru alltof lítil.

Fyrr á þessu ári birtist í Bændablaðinu grein eftir Gunnar Guðmundsson, ráðunaut hjá BÍ. Þar komst hann að þeirri niðurstöðu að fódurkostnaður á kg mjólkur væri 19,30 kr. hjá íslenskum kúm en 19,45 hjá norskum. Hann miðaði við niðurstöður skýrsluhalds beggja landanna þannig að sá samanburður segir í raun ekki alla söguna.

Á Ráðunautafundi 1996 kynntu Magnús B. Jónsson og Sigurður Bjarnason niðurstöður samantektar sem þeir gerðu varðandi hagkvæmni innflutnings. Þeir komust að því að framleiðslukostnaður mjólkur væri 20,35 kr./kg hjá íslenskum kúm, 20,30 kr./kg hjá blendingum og 21,10 kr./kg í hreinrækt.

Gera má ráð fyrir auknum fódrunarkostnaði norskra kúa með hækkandi kornverði í heiminum. Í dag eru kornbirgðir heimsins undir hættumörkum og ekki útlit fyrir að það breytist á næstunni samkvæmt því sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO) segir. Væri því ekki rangt að veðja á lækkandi kornverð? Mannfjöldi heimsins vex stöðugt ár frá

ári og með honum þörfin fyrir matvæli. Víða erlendis eru uppi raddir um að siðferðilega rangt sé að fódra skepnur á korni þegar milljónir manna svelta. Margir hafa því spáð því að eftirspurn eftir minna ræktuðum búfjárkynjum, sem beita má á óræktað land, eigi eftir að aukast á komandi árum. Þá getum við einnig litið til lífrænna búskaparháttanna og ég fæ ekki betur séð en að íslenska kúakynið ætti að henta vel til þeirra nota.

Hreinleiki afurðanna og sjúkdómahættan

Tæpast verður fjallað svo um þetta mál að ekki sé minnst á hreinleika afurða okkar sem við erum ákaflega stolt af. Innflutningur nýs kúakyns myndi svo sem ekki valda neinum spjöllum á því sviði. Menn kunna hins vegar setja spurningamerki við hversu einstakar íslenskar mjólkurafurðir verði ef þær koma úr norskum kúm.

Ég vil gera nokkuð mikið úr sjúkdómahættunni og þá á ég ekki beinlínis við hættuna á að fá sjúkdóma inn í landið, heldur miklu frekar þann skaða sem við gætum valdið orðstír okkar í þeim eignum erlendis. Hver myndi trúa því að hér væri ekki riða í nautgripum ef erlent kúakyn gengi hér úti um græna grundu? Það væri a.m.k. ákaflega ótrúlegt í augum almennings í helstu markaðslöndum okkar og ef við ætlum okkur að selja landbúnaðarafurðir erlendis þá gerum við það með því að höfða til ósnortinnar náttúru og hreinleika en ekki með því að apa allt upp eftir öðrum. Við megum umfram allt ekki vanmeta það sem við höfum og ekki kasta á glæ því sem er einstakt hér. Ef við gerum það höfum við ekki upp á neitt að bjóða sem aðrir geta ekki boðið á mun lægra verði.

Of mörgu ósvarað enn

Vandamálið við samanburð af því tagi sem hér hefur verið fjallað um er í raun það vandamál sem við stöndum frammi fyrir í allri búfjárrækt. Við náum ekki að bera saman gripina við nákvæmlega sömu aðstæður, þ.e. hvað fódrun og aðra umhverfisþætti snertir. Hvað myndu norskar kúr mjólka við fódrun á sams konar fódri og við notum í mjólkurframleiðslunni hérlendis og með sömu hlutföllum gróf- og kjarnfóðurs? Samanburðurinn í Færeyjum svarar þessu ekki nægilega vel, til þess nær hann yfir allt of takmarkaðan hluta mjólkurskeiðsins auk þess sem bakgrunnur gripanna var mjög ólíkur.

Að mínu mati er alltof mörgum spurningum enn ósvarað varðandi stöðu íslenska kúakynsins gagnvart öðrum kynjum til þess að við getum tekið ákvörðun um innflutning. Mikilvægast hlýtur að vera að við höfum af innflutningi efnahagslegan ávinning, án þess er hann ekki fyrirhafnarinnar virði. Markmiðið hlýtur að vera aukið rekstraröryggi mjólkurframleiðslunnar og um leið bætt samkeppnisstaða gagnvart erlendri framleiðslu. Það getur ekki verið markmið í sjálfu sér að skipta um kúakyn og því er mikilvægt að líta á þetta í fullu samhengi við framtíðarstefnu í íslenskri mjólkurframleiðslu.

En hver er sú stefna? Stefnum við að óbreyttu fyrirkomulagi með smáum einingum, "fjölskyldubú-um", framleiðslustýringu, háu hlutfalli heimafengins fóðurs, hóflegri áburðar- og kjarnfóðurnotkun og nánast engri hjálparefnanotkun? Stefnum við að stærri kúabúum, óheftri framleiðslu, aukinni kjarnfóðurnotkun og innifóðrun og tæknivæddari rekstri? Stefnum við kannski að blöndu af þessu tvennu? Hver svo sem stefnan er þá verður hún að vera skýr. Nýtt mjólkurkúakyn á ekki að flytja inn nema það þjóni hagsmunum bæði neytenda og framleiðenda. Við verðum því að marka okkur heildarstefnu í mjólkurframleiðslu til að byrja með, síðan getum við athugað hvaða tæki við eigum að nota. Eitt af þeim tækjum kann að vera norskt kúakyn en ekki fyrr en að vel athuguðu máli. Að rasa um ráð fram í þessu máli myndi valda okkur óbætanlegum skaða því það verður ekki aftur snúið.